



347. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

8. desember 2025 kl. 16.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Daníel Jakobsson (DJ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Brynja Guðjónsdóttir og Patrekur Jóhannesson frá AMÍ.

Birna Lárusdóttir (BL) mætti kl. 17.00

Daníel yfirgaf fundinn kl. 17.52.

1. Birting á drögum að úthlutun til sérsambanda

Eftir síðasta fund stjórnar Afrekssjóðs þann 25. nóvember sl. var komin góð mynd á flokkun sérsambanda í afrekshópum og á úthlutunarfjárhæðir innan flokka. Eftir fundinn voru smávægilegar breytingar unnar á áætlaðri heildarúthlutun. Hvert sérsamband fékk svo drög að sinni úthlutun send til sín þann 1. desember sl. Var sérsamböndum gefið færi á að gera athugasemdir við drögin í samræmi við 18. gr. reglugerðar um Afrekssjóð ÍSÍ.

Athugasemdir eða fyrirspurnir bárust frá alls 21 sérsambandi við drög að flokkun og úthlutun. Sumum dugðu skýringar en önnur sendu inn formlegt erindi með athugasemd við drögin.

2. Flokkun sérsambanda í Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd

Umræða fór fram um flokkun sérsambanda í afrekshópum. Nokkur sérsambönd gerðu athugasemdir við drög að flokkun þeirra.

Borðtennissamband Íslands

BTÍ var í drögum að úthlutun flokkað sem Verkefnasamband líkt og það var við síðustu úthlutun og það birt sérsambandinu þann 1. desember. Erindi barst frá BTÍ þar sem m.a. komu fram upplýsingar um árangur og mótaþátttöku BTÍ og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast sem Afrekssamband.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að BTÍ skuli flokkast sem Verkefnasamband við úthlutun ársins 2026 líkt og við síðustu úthlutun.

Judosamband Íslands

JSÍ var í drögum að úthlutun flokkað sem Verkefnasamband líkt og það var við síðustu úthlutun og það birt sérsambandinu. Erindi barst frá JSÍ þar sem m.a. komu fram upplýsingar um árangur og mótaþátttöku JSÍ og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast sem Afrekssamband.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að JSÍ skuli flokkast sem Verkefnasamband við úthlutun ársins 2026 líkt og við síðustu úthlutun.

Klifursamband Íslands

Við vinnu að úthlutun taldi stjórn ASJ óljóst hvort KÍ uppfyllti skilyrði þess að vera flokkað sem Afrekssamband líkt og við síðustu úthlutun. Var það birt sérsambandinu og óskað eftir rökum fyrir hinu gagnstæða. Erindi barst frá KÍ þar sem m.a. komu fram upplýsingar um árangur og mótaþátttöku KÍ og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast sem Afrekssamband.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að KÍ skuli flokkast sem Verkefnasamband við úthlutun ársins 2026.

Taekwondosamband Íslands

TKÍ var í drögum að úthlutun flokkað sem Afrekssamband og það birt sérsambandinu. Frekari upplýsingar bárust frá TKÍ um árangur þess.

Telur stjórn Afrekssjóðs rétt að flokka TKÍ sem Afrekssamband við úthlutun ársins 2026.

Umræða fór fram um flokkun annarra sérsambanda. Ekki er talið að forsendur séu til að breyta flokkun annarra sérsambanda frá síðustu úthlutun.

3. Flokkun Afrekssérsambanda

Umræða fór fram um árangursflokkun Afrekssambanda. Eftir að drög að úthlutun og flokkun sérsambanda voru birt hverju og einu sérsambandi bárust athugasemdir frá nokkrum sérsamböndum.

Skylmingasamband Íslands

SKY var í drögum að úthlutun flokkað sem Afrekssamband IV líkt og það var við síðustu úthlutun og það birt sérsambandinu þann 1. desember. Erindi barst frá SKY þar sem m.a. komu fram ýmsar upplýsingar um fyrirkomulag íþróttarinnar og kostnað og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast með öðrum hætti og fá hærri úthlutun.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að SKY skuli flokkast sem Afrekssamband IV við úthlutun ársins 2026 líkt og við síðustu úthlutun.

Íshökkísamband Íslands

ÍHÍ var í drögum að úthlutun flokkað sem Afrekssamband IV líkt og það var við síðustu úthlutun og það birt sérsambandinu þann 1. desember. Erindi barst frá ÍHÍ þar sem m.a. komu fram ýmsar upplýsingar um fyrirkomulag íþróttarinnar og árangur ÍHÍ og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast með öðrum hætti og fá hærri úthlutun.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að ÍHÍ skuli flokkast sem Afrekssamband IV við úthlutun ársins 2026 líkt og við síðustu úthlutun.

Skíðasamband Íslands

SKÍ var í drögum að úthlutun flokkað sem Afrekssamband II og það birt sérsambandinu þann 1. desember ásamt áætlaðri úthlutunarfjárhæð. Erindi barst frá SKÍ þar sem m.a. komu fram ýmsar upplýsingar um fyrirkomulag íþróttarinnar, sérstöðu SKÍ varðandi kostnað og rök fyrir því að sérsambandið ætti að flokkast með öðrum hætti og fá hærri úthlutun.

Þrátt fyrir framkomin gögn telur stjórn Afrekssjóðs að SKÍ skuli flokkast sem Afrekssamband II við úthlutun ársins 2026.

Stefnt er að því að ákvarða endanlega flokkun sérsambanda á næsta fundi.

4. Ferðastyrkur (umfang) vegna ÓL þátttöku.

Á síðasta fundi fór fram umræða um hvort styrkja ætti ÓL þátttöku 2026 í umfangi. Var það gert árið 2024 og voru nokkur sérsambönd sem fóru ekki á leikana en voru með það ráðgert. Mikilvægt væri að hafa samræmi á milli leika við úthlutun og niðurfellingu.

Komið höfðu fyrirspurnir frá sérsamböndum sem fyrirhugað væri að fella niður styrki hjá vegna úthlutunar 2024 þar sem þau fóru ekki á ÓL24.

Eftir mikla umræðu var ákveðið að fella niður styrkina hjá þeim samböndum sem fóru ekki á leikana. Gætt yrði samræmis við úthlutun vegna 2026.

5. Afrekspættir

Umræða fór fram um heildarúthlutun til sérsambanda og úthlutun í hverjum flokki.

Mikil umræða um ÓL styrki og fyrirkomulag í þeim afrekspætti.

Rætt var erindi GSÍ varðandi einstaklingsstyrki og ÓL styrk.

Rætt var erindi KSÍ vegna úthlutunar.

Verður framhaldið á næsta fundi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Stefnt að næsta fundi 9. desember kl. 16.

Fundi slitið kl. 18.42